# Fermingarblað Vífils

1. tölublað 14. árgangur 1992



## Listar yfir fermingarbörn í Garðakirkju 1992

## Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ

*Skátafélagið Vífill 25 ára*

## Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils í 4. sinn

*Spennandi námskeið í sumar*



Við byggjum öll upp fyrir börnin okkar.

TRAUSTUR BANKI
TEKUR VEL Á MÓTI ÞÉR

Í Búnaðarbankanum Garðatorgi eru Garðbæingar á heimavelli. Í rúman áratug höfum við átt ánægjuleg samskipti við bæjarbúa. Í Búnaðarbankanum er það afl sem nauðsynlegt er til að framsækið fólk fái þá þjónustu sem það þarf á að halda.

GÓÐUR GRANNI
BÚNAÐARBANKINN
GARÐATORGI 5 – SÍMI 656600



GÓÐ ÍÞRÓTT ER GULLI BETRI

*Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ*

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar. Starfsfólk stöðvarinnar býður Garðbæinga og gesti velkomna og mun kappkosta að veita góða þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa í skipulögðu starfi íþróttafélags eða að setja saman þína eigin æfingaáætlun.

Við íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug, barnalaug og heitir pottar. Stórir og litlir æfingasalir, upphitunarsalur og þreksalur.
Úti eru svo gervigrasvöllur, malarvöllur og grasvöllur.

**Það er aldrei of seint að byrja.**
**Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.**

*Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ - Sími: 53066*

Íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar

# Kæru bæjarbúar




Fermingarblað Vífils kemur nú út í fjórtánda skipti og er því fyrir löngu orðið að föstum lið í starfi félagsins.
Aðalmarkmið blaðsins er að kynna þá þjónustu sem við skátarnir í Garðabæ bjóðum, þá daga sem fermt er í Garðakirkju.

Garðbæingar geta sent skátaskeyti til fermingarbarna eða jafnvel foreldra þeirra og óskað þeim til hamingju með daginn.

Skátaskeytasalan hefur verið aðalfjáröflun Vífils undanfarin ár og hefur stuðningur bæjarbúa vegið þar þungt á metum.

Í blaðinu eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju sem og einnig fréttir af skátastarfinu hér í Garðabæ.

Nú í ár ber helst að nefna aldarfjórðungsafmæli skátastarfs í Garðabæ, hátíðardagskrá sumardagins fyrsta og Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils, sem verður haldið í fjórða skiptið nú í ár.

Skátastarf í Garðabæ hefur verið mjög gott undanfarin ár og með því að senda skátaskeyti styrkið þið kröftugt og þroskandi félagsstarf í ykkar byggðarlagi.

Nafnalistarnir í blaðinu eru eins og þeir lágu fyrir þegar blaðið fór í prentun. Hugsanlegt er að breytingar hafi orðið frá þeim tíma.

Það er von okkar að við munum eiga jafn ánægjuleg og góð viðskipti við bæjarbúa, eins og undanfarin ár.

Að sjálfsögðu vonumst við til að sjá sem flesta Garðbæinga þann 23. apríl næstkomandi, en þá mun Skátafélagið Vífill sjá um hátíðarhöldin í tilefni sumardagsins fyrsta.
Þann sama dag verður svo Skátafélagið Vífill 25 ára og verður því mikið um dýrðir í tilefni dagsins.

***Sjáumst !***

***Skátakveðja***
***Björn Hilmarsson,***
***ritstjóri.***




SKÁTAFÉLAGIÐ VÍFILL 20.4 1967 GARÐABÆ

**Útgefandi:**
***Skátafélagið Vífill***
***Hraunhólum 12.***

**Ábyrgðarmaður:**
Þór Ingólfsson

**Ritstjórn:**
Björn Hilmarsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Ómar Már Birgisson
Ómar Gústafsson
Sveinn Geirsson

**Myndir:**
Björn Hilmarsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Karl Rúnar Þórsson

**Setning:**
Björn Hilmarsson
Guðrún Björk Gunnarsdóttir

SPARISJÓÐUR
HAFNARFJARÐAR

90 ÁRA

1902 1992

*Vekjum athygli á nýjum opnunartíma:*
*mánudaga til föstudaga kl. 8.30 -16.00*
*fimmtudaga til kl. 18.00*

***Velkomin í Sparisjóðinn í Garðabæ***
***að Garðatorgi 1 í Garðabæ.***
***Símanúmerið okkar er 65 - 75 - 00 og***
***telefax er 65 - 75 - 08.***

**Óskum**
**Garðbæingum**
**gleðilegra páska.**

**Fyrirtækja- og**
**þjónustumiðstöðin**
**Garðatorgi.**

HREINT TORG
Í FÖGRUM BÆ
GARÐATORG

OKKAR VINSÆLI
MATUR FYRIR ALLA
MANNFAGNAÐI

*Heitur matur, pottréttir, kalt borð, smáréttir, smurt brauð og veislutertur.*

*Matarbakkar fyrir fyrirtæki og stofnanir.*

SKÚTAN
*í fararbroddi*
VEISLUSALUR / VEISLUELDHÚS
Dalshrauni 15, 220 Hafnarfjörður
símar: 51810, 651810. telefax: 652367

# Hátíðarhöldin í Garðbæ sumardaginn fyrsta, 23. apríl.

**Skátafélagið Vífill 25 ára.**

Sumardagurinn fyrsti er eins og allir Garðbæingar vita í umsjá Skátafélagsins í Garðabæ.
Sterk hefð hefur myndast um þennan dag og verður dagskáin með hefðbundnu sniði en að sjálfsögðu verður mikið gert í tilefni dagsins því Vífill verður 25 ára þennan dag.

**Skátamessa í Garðakirkju.**

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Garðakirkju laust fyrir klukkan 11 og hefst svo skátaguðsþjónusta í kirkjunni strax á eftir.
Þar verða nýir skátar vígðir inn í félagið við hátíðlega athöfn og veittar verða viðurkenningar fyrir góð störf. Afmælisávarp flytur Ágúst Þorsteinsson fyrrverandi félagsforingi Vífils og skáta-höfðingi.

**Skrúðganga dagsins.**

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er klukkan 14 eða klukkan tvö. Gengið verður frá mótum Karlabrautar og Hofstaðabrautar að skátaheimilnu Vífilsfelli að Hraunhólum 12.





Skátaforingjarnir úr Vífli munu sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og lúðrasveitin Svanur sér um göngutaktinn og hressan undirleik.

**Dagskrá við Skátaheimilið.**

Við Skátaheimilið mun lúðra-sveitin Svanur leika nokkur lög fram að fánaathöfninni.

Strax að lokinni fánaathöfninni hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
Ræðumaður dagsins býður alla velkomna og óskar bæjarbúum gleðilegs sumars.
Hægt verður m.a. að taka þátt í keppnum, þrautum og kodda-slagnum sívinsæla.
Sérstök atriði verða fyrir yngstu börnin. Einnig er ætlunin að endurvekja sérstakan skátaklúbb fyrir eldri skáta úr Vífli.

**Skátakaffi og kökur.**

Skátaheimilið verður opið og hið löngu fræga skátatertuhlaðborð verður að sjálfsögðu þar. Kaffisalan verður á tveimur hæðum þar sem nýr salur bættist við í fyrra, er viðbygging Vífilsfells var tekin í notkun.

**Skemmtun og ball um kvöldið.**

Um klukkan átta um kvöldið hefst svo fjölskylduskemmtun og diskótek fyrir alla sem vilja taka þátt í stórafmæli félagsins. Dagskráin hefst með kvöldvöku og skemmtiatriðum og síðan verður dansað fram eftir kvöldi þar til afmælisdagurinn rennur sitt skeið á enda.

***Garðbæingar, munið hátíðardagskrá sumardagsins fyrsta !***
***Skátamessa, skrúðganga, kaffisala, þrautir og skemmtiatriði.***
***Fjölskylduskemmtun verður í félagsmiðstöðinni Garðalundi að kvöldi sumardagsins fyrsta.***
***Sjáumst í sumarskapi !***

HRÚGALD
GOTT SÆTI
GÓÐ GJÖF



Sveinn Bólstrari
Iðnbúð 5, Garðabæ sími 64 16 22

Madonna
•HÁRGREIÐSLUSTOFAN•
GARÐAFLÖT 16-18 S:65-66-20

Höfum opið alla fermingardagana.

Sérstakt fermingartilboð:
Dömu- og herraklipping
á 1000 kr.

*Pantið tímanlega í síma 656620.*

HÚSASMIÐJAN
Súðarvogi 3-5 · Sími 68 77 00
Skútuvogi 16 · Sími 68 77 10
Helluhrauni 16 · Sími 65 01 00



*Ísland er landið,
við erum
í takt við umhverfið!*

ÍSLANDSBANKI

# Hvernig á að senda skátaskeytin






Tekið verður á móti pöntunum í Skátaheimilinu
Vífilsfelli, Hraunhólum 12 í Garðabæ.
**Afgreiðslan er opin milli klukkan 10 og 17.**
Einnig verður hægt að hringja
í síma **51989 og 52820** og panta skeyti.
**Ef pantað er í gegnum síma verður að greiða með greiðslukorti og er nægilegt að gefa upp kortanúmer og gildistíma.**

***Verð á skeytunum er:***
Vélrituð skeyti 400.
Skrautrituð skeyti 700.
Skeytin verða afgreidd í sérstökum möppum
sem eru með áletruninni:
**Hjartanlegar hamingjuóskir á fermingardaginn**

***Skátaskeytasalan***
**verður í skátaheimilinu Vífilsfelli, Hraunhólum 12.**
***Minnum á að eingöngu er hægt að greiða símapantanir með greiðslukortum!***
**Síminn er: 51989 og 52820.**

# Hvað gerist hjá Vífli um fermingardagana?

Þegar undirbúningi og vinnu við Fermingarblaðið er lokið er því dreift í öll hús í Garðabæ. Stuttu síðar hefst næsti þáttur þ.e. sjálfir fermingarsunnudagarnir.
Mikið er gert til að allt gangi sem best á sjálfum fermingardögunum og er mikill undirbúningur sem þarf að ganga snuðrulaust fyrir sig til að hægt sé að keyra út skeytin í lok dagsins.
Fyrst af öllu er að skrautrita möppurnar utan um skeytin, taka niður skeytapantanir, slá þær inn í skátaskeytaforritið, yfirfara og prenta skeytin út í lok dagsins. Raða í möppurnar, skipta niður í svæði í bænum og keyra út til fermingarbarna. Svo er byrjað aftur næsta fermingarsunnudag. Allt þetta er gert af skátunum í Vífli og þetta starf er allt unnið í sjálfboðaliðsvinnu.

**Skátakveðja,**
**Skeytanefndin.**

# Fermingar í Garðakirkju vorið 1992

**29. mars kl. 10.30 fh.**

101 Anna Sigríður Sigurðard.
Heiðarlundi 2
102 Díana Rafnsdóttir
Móaflöt 29
103 Gerða Kristín Lárusdóttir
Kríunesi 1
104 Guðfinna Björg Björnsd.
Löngumýri 29
105 Guðný Kjartansdóttir
Lindarflöt 16
106 Helga Kristín Olsen
Faxatúni 38
107 Ingunn Guðbrandsdóttir
Hrísmóar 9
108 Jana Friðfinnsdóttir
Hegranesi 5
109 Sigríður Björk Marínósd.
Markarflöt 28
110 Soffía Elín Sigurðardóttir
Haukanesi 6

111 Bjarki Traustason
Ásbúð 25
112 Egill Sigurjónsson
Hraunhamar v/Álft.
113 Enok Jón Kjartansson
Ölduslóð 12 Hf.
114 Gissur Þorvaldsson
Hrísmóar 10
115 Hafsteinn Þór Hauksson
Þernunesi 8
116 Hinrik Þór Svavarsson
Ásbúð 55
117 Pétur Bjarni Kristjánsson
Bæjargili 80
118 Róbert Karl Hlöðversson
Grenilundi 5

**29. mars kl. 14. eh.**

120 Árný Jónsdóttir
Hrísholti 1
121 Dóra Björg Axelsdóttir
Hæðarbyggð 22
122 Ingibjörg S. Finnbogad.
Eskiholti 23
123 Katrín Jónsdóttir
Haukanesi 9
124 Kristín Logadóttir
Lyngmóum 11
125 Magndís Kolbeinsdóttir
Eskiholti 7
126 Sara Jóhannsdóttir
Hrísmóar 9
127 Þuríður Hallgrímsdóttir
Holtsbúð 29

128 Birgir Axelsson
Hrísmóar 3
129 Brynjar Örn Sveinjónss.
Víðihlíð 27, R.
130 Haraldur Jóh. Þórðarson
Hrísholti 4
131 Haukur Daníel Hrafnsson
Norðurtúni 8, Álftan.
132 Hjörtur Elvar Hilmarsson
Ásbúð 17
133 Jón Heiðar Andrésson
Holtsbúð 93
134 Jón Þór Eyþórsson
Eskiholti 1
135 Kjartan Geir Kristinsson
Einilundi 3
136 Lárus Helgi Lárusson
Faxatúni 7
137 Óli Freyr Kristjánsson
Hrísmóum 6
138 Ómar Guðjónsson
Reynilundi 8
139 Róbert Davíð Garcia
Hrísmóar 1
140 Sigurður Kjartansson
Löngumýri 10
141 Sigurjón Grétar EInarsson
Hörgatúni 9
142 Steinn Jónsson
Haukanesi 9
143 Styrmir Guðmundsson
Krókamýri 4

**5. apríl kl 10.30 fh.**

201 Aðalheiður Þórisdóttir
Hæðarbyggð 1
202 Alma Olsen
Kjarrmóar 16
203 Anna Kristín Ólafsdóttir
Lyngmóar 1
204 Anna Sif Farestveit
Hvannalundi 19
205 Auður Eiríksdóttir
Ásbúð 12
206 Hildur Bjarnadóttir
Þrastarlundi 3
207 Inga S. Björgvinsdóttir
Lyngmóum 6
208 Lilja Björg Þórðardóttir
Bæjargili 29
209 Linda Björk Eiríksdóttir
Kjarrmóar 5
210 Lovísa Lind Sigurjónsd.
Bæjargili 73
211 Monka Dís Árnadóttir
Garðaflöt 29
212 Ragna Richter
Markarflöt 43
213 Signý Ósk Davíðsdóttir
Reynilundi 9
214 Þórdís Yrsa Stefánsdóttir
Kjarrmóum 13

215 Bjarki Freyr Sigurgeirss.
Bæjargili 69
216 Helgi Hrannar Jónsson
Hraunhólar 18
217 Heiðar Örn Sigurfinnsson
Hrísmóum 13
218 Jens Kristjánsson
Faxatúni 4
219 Kjartan Hansson
Löngufit 20
220 Oddur Björn Tryggvason
Þrastarlundi 1
221 Viðar Pálsson
Hæðarbyggð 14
222 Þorgeir Ragnarsson
Háholti 4

**5. apríl kl 14 e.h.**

230 Auðbjörg B. Bjarnadóttir
Stekkjarflöt 15
231 Elma Jóhanna Bachman
Skógarlundi 6
232 Harpa Rós Gísladóttir
Brekkubyggð 48
233 Hulda Rósa Þórarinsdóttir
Lindarflöt 17
234 Lára Gró Sigurðardóttir
Hlíðarbyggð 51
235 María Katrín Jónsdóttir
Hörgatúni 7
236 Vigdís Birna Rósmundsd.
Löngumýri 28

237 Davíð Ingþór Sigurðsson
Lækjarási 5
238 Elvar Magnússon
Kríunesi 4
239 Geir Ólafur Sveinsson
Hrísmóum 4
240 Hilmar Ingimundarson
Reynilundi 7
241 Jóhann Böðvar Skúlason
Hæðarbyggð 19
242 Jóhann Már Arnarson
Skógarlundi 5
243 Kristján Á. Kjartansson
Þrastarnesi 3
244 Lárus Jóhannesson
Þernunesi 9
245 Matthías Kjeld
Dalsbyggð 19
246 Ólafur Ragnar Ingvarsson
Bæjargili 74

**12. apríl kl 10.30 fh.**

301 Drífa Pálín Geirsdóttir
Smiðsbúð 8
302 Erla Björg Káradóttir
Hrísholti 3
303 Guðrún Magnúsdóttir
Hofslundi 3
304 María Gísladóttir
Hrísmóum 5
305 Sigurbjörg S. Gunnnarsd.
Bæjargili 127
306 Tinna Ösp Jónsdóttir
Heiðargerði 43, R.

307 Björn Halldórsson
Hofslundi 11
308 Björn Harðarson
Brekkubyggð 28
309 Daníel Daníelsson
Ásbúð 11
310 Eiríkur Rafn Rafnsson
Löngumýri 7
311 Guðmundur Þ. Bjarnason
Löngumýri 15
312 Hallgrímur Þ. Sigurðsson
Kjarrmóum 7
313 Hannes Ingi Geirsson
Þrastarnesi 6
314 Ingi Þór Jónsson
Hraung./v Álftan.
315 Kristján Frosti Logason
Hlíðarbyggð 7
316 Matthías Kristinsson
Móaflöt 27
317 Þórarinn Ingimundarson
Smiðsbúð 7

**12. apríl kl 14 e.h.**

330 Anna Kristín Sigurpálsd.
Brúarflöt 5
331 Bjarney Björt Baldvinsd.
Hæðarbyggð 16
332 Bryndís Hrönn Gunnarsd.
Hæðarbyggð 21
333 Dýrley Dan Sigurðard.
Marargrund 15
334 Hildur Símonardóttir
Holtsbúð 54
335 Hrafnhildur T. Þórarinsd.
Dalsbyggð 11
336 Hugrún Ósk Sævarsdóttir
Hrísmóum 11
337 Rut Ragnarsdóttir
Ásbúð 41
338 Sigrún Tryggvadóttir
Álfaskeiði 96, Hf.
339 Signý V. Sigurþórsdóttir
Miðskógum 14, Á.

340 Ari Karlsson
Brekkubyggð 77
341 Bragi Reynir Sæmundss.
Bæjargili 34
342 Davíð Arnar Einarsson
Kjarrmóum 35
343 Egill Þórðarson
Löngumýri 5
344 Haraldur Líndal Pétursson.
'Asbúð 44
345 Hrannar Jónasson
Ægisgrund 14
346 Jón Pétur Jóelsson
Þrastarlundi 5
347 Ragnar Eggert Ágústsson
Hraunhvammi 2, Hf.
348 Ríkard Júlíus Steindórss.
Engimýri 13
348 Þórhallur Sigurðsson
Dalsbyggð 7
349 Örlygur Þór Örlygsson
Ásbúð 3

***Þegar skátaskeyti er pantað er gott að hafa númerið sem er við nafnið.***
***Það flýtir fyrir afgreiðslu hjá okkur.***
***Munið að afgreiðslan á skátaskeytunum er opin milli klukkan 10 - 17 og við lokum stundvíslega til að koma skeytunum út eins fljótt og auðið er.***

# Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils 1992

## Heillandi valmöguleiki fyrir hressa krakka í sumar!



### Útilífs- og ævintýra-námskeið haldin í 4. sinn!

Útilífs- og ævintýranámskeiðin eru skemmtileg námskeið sem skátafélagið Vífill hefur haldið í samvinnu við íþrótta- og tómstundaráð þrjú undanfarin sumur. Námskeiðin eru fyrir 8 - 12 ára krakka í Garðabæ og byggjast upp að mestu á útiveru, ferðum, þrautum, leikjum og verkefnum en margt af þessu hefur þróast í gegnum árin í skátahreyfingunni.

Síðastliðið sumar tóku 70 börn þátt í ævintýranámskeiðinu og tók hvert námskeið eina viku. Þátttakendum var skipt upp í flokka eftir aldri og getu en flokkarnir störfuðu saman allt námskeiðið.

Námskeiðin hófust kl. 9.00 á morgnana og stóðu til kl. 16.00. Á þeim tíma var ýmislegt gert. Hver dagur hófst með fánaathöfn og svo var farið í leiki eða verkefni leyst og síðan lagt af stað í ferðir.

### Margvísleg dagskrá

Í fyrra var farið í ýmsar ferðir svo sem hellaferð, fjöruferð, borgarferð, sundferð, "hikeferð", hjólaferð, kynnisferðir í slökkvistöðina í Hafnarfirði og til Hjálparsveitarinnar í Garðabæ.

Hápunktur hvers námskeiðs var svo tjaldútilegan í lokin og að þessu sinni var farið í Lækjarbotna. Þar var grillað úti og gert flest það sem tilheyrir alvöru skátaútilegum. Farið var í hellaferð og Maríuhellar í Heiðmörk skoðaðir.

Í fjöruferðinni var Álftanesfjaran og fjaran við Oddakot skoðaðar og í borgarferðinni var farið í Grasagarð og Húsdýragarð Reykjavíkur og síðast en ekki síst var Náttúrugripasafn Íslands heimsótt.

### Útilífsnámskeið enn á ný...

Í sumar verður farið af stað með enn eitt Útilífs- og ævintýra-námskeið og þar sem mikil og góð reynsla er komin á námskeiðin, treystum við okkur til að gera enn betur í sumar. Boðið verður upp á svipaða dagskrá og áður og megin áheyrsla lögð á ferðir og útilíf að skátasið. Til þess að þetta ævintýri gangi vel verða reyndir skátaforingjar við stjórnvölin allan tímann.

### Ætlar þú að missa af þessu?

Gert er ráð fyrir að halda fjögur námskeið í sumar og verður fjöldi takmarkaður við 25 þátttakendur





á hverju námskeiði, því að við leggjum metnað okkar í það að sinna öllum okkar þátttakendum vel.

**Skráning**

Skráning í Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils verður á sama stað og tíma og skráning í Íþrótta- og leikjanámskeið Garðabæjar. Auk þess er hægt að afla upplýsinga um námskeiðin í Skátaheimilinu Vífilsfelli í síma 52820.

Í upplýsingabæklingi sem Íþrótta- og tómstundaráð gefur út í vor verða nánari upplýsingar um þennan skemmtilega valkost í sumarstarfi Garðbæinga.









**K. Richter hf.**

*Umboðs- og heildverslun*

*Smiðsbúð 5*

*Sími: 40900*

**Sólbaðsstofan Garðasól**

*Iðnbúð 8*

*Sími: 641260*



# ...kjörin leið til sparnaðar er Kjörbók Landsbankans




Betri, einfaldari og öruggari leið til ávöxtunar sparifjár er vandfundin. Háir grunnvextir og verðtryggingarákvæði tryggja góða ávöxtun. Að auki koma afturvirkar vaxtahækkanir eftir 16 og 24 mánuði. Samt er innstæða Kjörbókar alltaf laus.

**Landsbanki Íslands**
Banki allra landsmanna

# Skátastarfið hjá stelpunum í Forynjum

Vetrarstarfið hófst með innritun og komu frekar fáar stelpur þá. Hins vegar strax á fyrsta fundi margfaldaðist þátttakan. Til að skapa réttu foringjastemninguna var farið í foringjaútilegu í skátaskálann Hvell og var vetrarstarfið skipulagt þar.

Yngri stelpnahópurinn fór í gönguferð sem tókst mjög vel. Stelpusveitin stækkaði ört og í útilegu í Arnarsetur voru 25 nýliðar vígðir inn í sveitina.

Jólafundurinn var haldinn með tilheyrandi fjöri og uppákomum.

Í byrjun ársins tóku nýjir flokksforingjar við sem höfðu verið í þjálfun fram að því.

Til að gefa þeim innsýn í foringjastörfin fóru þær á flokksforingjanámskeið á Úlfljótsvatni og einnig í útilegu í skátaskálann Fluguna í Borgarfirði.

Þann 22. febrúar var svo götuleikur um alla Reykjavík og fórum við í Hallgrímskirkju, sund og keyptum okkur ís, svo að eitthvað sé nú nefnt.

Nú er verið að vinna í því að lagfæra herbergið okkar fyrir 25 ára afmæli félagsins.

Á sumardaginn fyrsta ætlum við að halda fjáröflun og selja sleikibrjóstsykur.

Ætlunin er svo að fara á sem allra flest skátamót í sumar og foringjarnir ætla í allsherjar gönguferð um Þórsmörk í lok sumarsins.

***Ingibjörg Guðmundsdóttir.***







## Stjórn Vífils skipa

***Félagsforingi***
Karl Rúnar Þórsson
***Aðst. félagsforingi***
Ólafur H. Jónsson
***Ritari***
Margrét Tómasdóttir
***Gjaldkeri***
Þór Ingólfsson
***Meðstjórnendur:***
Halldór S. Magnússon
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Jón Þór Ólason
Sveinn Geirsson

# Skátar frá Garðabæ á alheimsmóti í Kóreu



## Loksins...

Að kvöldi 30. júlí hittust 16 skátar á Bandalagi íslenskra skáta. Af þessum 16 skátum voru 3 Garðbæingar. Förinni var heitið til Kóreu á alheimsmót skáta sem haldið var í 17. sinn.

Undirbúningur fyrir ferðina hafði staðið í heilt ár. Garðabær styrkti okkur farana rausnarlega og viljum við þakka sérstaklega fyrir.

Í upphafi ferðarinnar ávarpaði skátahöfðingi okkur og eftir það var farið út að borða. Fólk átti erfitt með að sofna enda mikil spenna í lofti. Næsta morgun var brunað til Keflavíkur og flogið þaðan til London þar sem dvalið var í eina nótt. Síðan var flogið í einu lagi frá London til Seoul í Kóreu og tók sú flugferð um 13 tíma.

## Komið til Kóreu

Þegar þangað var komið var tekið hlýlega á móti okkur og farið með okkur til borgarinnar Suwon sem er skammt frá Seoul. Þar dvöldum við eina nótt í unglingamiðstöð ásamt kóreönskum skátum. Daginn eftir skoðuðum við Suwon-kastala og fórum í skemmtigarð ásamt kóreönsku krökkunum.

Næsta sólarhringinn dvöldum við hjá kóreanskum fjölskyldum og var það mikil lífsreynsla. Þar borðuðum við kóreanskan mat sem var heldur sterkari en við eigum að venjast hér, að ógleymdu hundakjötinu sem bragðaðist nokkuð vel. Um kvöldið fræddum við hvort annað um land og þjóð.

Þann 4. ágúst fórum við síðan frá kóreönsku vinum okkar og fórum á hótel í Seoul.

## Alheimsmót!!

7. ágúst fórum við síðan á mótsvæðið sem var ótrúlega stórt. Þarna voru samankomnir 20.000 skátar frá öllum heimshornum. Í fyrsta sinn voru skátar frá Austur-Evrópu komnir á alheimsmót. Þann 8. ágúst var mótið loks sett með mikilli skrautsýningu og voru margir frægir kóreanskir stjórnmálamenn staddir þar. Á mótinu leið tíminn ótrúlega hratt. Við tókum þátt í hinum ýmsu dagskrárliðum svo sem klifri, köfun, skotfimi,



skotfimi, gönguferðum, mótorhjólaakstri og ekki má gleyma þrautabrautinni sem hét "Challenge Valley", en kóreanski herinn notar hana við þjálfun á nýliðum. Einnig var hægt að ferðast í kringum mótssvæðið t.d. niður á strönd og að landamærum Norður- og Suður-Kóreu.

## Mótinu slitið

Þann 10. ágúst var síðan haldin Norðurlandahátíð þar sem allir skátar frá Norðurlöndunum komu saman, héldu kvöldvöku og sýndu skemmtiatriði. Þann 15. ágúst var mótinu síðan slitið og var það Svíakonungur sem sleit mótinu en hann svaf í tjaldi síðustu nóttina á mótinu ásamt sænskum skátum.

Gerum skreytingar við öll tækifæri. Alltaf til ný og fersk afskorin blóm.
*Kerti, servíettur og gjafavörur. Fjölbreytt úrval.*

BURKNI
Páskablómin fáið þið hjá okkur
Vekjum athygli á opnunartíma um hátíðirnar:
Skírdag 9-21, föstudagurinn langi lokað, laugardagur 9-21, páskadagur lokað, annar í páskum 9-21.
Goðatún 2, Garðabæ, s. 44160

## Ferðinni heitið til Japan

Næsta dag var farið til Seoul og þaðan var förinni heitið til Japan, nánar tiltekið Kobe sem er í nágrenni Osaka. Þar dvöldum við í 5 daga hjá japönskum fjölskyldum. Í Japan skoðuðum við ýmist merkilegt í nágrenni Kobe t.d. skoðuðum við mörg Búddahof og heimsóttum borgina Kyoto þar sem keisari Japana bjó til forna.

## Haldið heim á leið

Þann 21. ágúst flugum við síðan til London. Þar dvöldum við í 3 daga og skoðuðum borgina ásamt því að versla pínulítið.

Laugardaginn 24. ágúst var síðan komið að því að fara heim. Í ferðinni kynntumst við alveg nýjum heim þar sem fólkið var mjög gestrisið og reyndi að gera allt sem það gat til að láta okkur líða vel.

***Ómar Már Birgisson***
***Ómar Gústafsson***
***Sveinn Geirsson***



Smurstöð í Garðabæ
Við hliðina á SHELL bensínstöðinni við Vífilsstaðaveg
Shell Olíufélagið Skeljungur hf.
Smurstöð Garðabæjar
656200

VANDAÐAR OG NYTSAMAR

# FERMINGARGJAFIR






**TJALD**
~~kr:13,980-~~
Fermingartilboð
**10.980-***

**SVEFNPOKAR**
3 tegundir

SCOUTLUX áður kr: 7.940-
**Tilboð kr: 6.990-***

FEMUND áður kr 10.960-
**Tilboð kr: 9.980-***

IGLOO áður kr: 12.980-
**Tilboð kr: 10.990-***



**SKÍÐA-TÖSKUR**
VERÐ FRÁ
**2.000**



**SKÍÐA-GLERAUGU**
VERÐ FRÁ
**1.990**




**BAKPOKAR**
3 tegundir

TRAIL 50 áður kr: 5.990-
**Tilboð kr: 5.390-***

PANTHER E55 áður kr 10.580-
**Tilboð kr: 9.490-***

PANTHER 3 áður kr: 12.590-
**Tilboð kr: 10.990-***



**SKÍÐA-HANSKAR**
VERÐ FRÁ
**1.590**

*Staðgreitt

VISA
EUROCARD

Raðgreiðslur
Póstsendum
samdægurs

**SKÁTABÚÐIN**
-SKARAR FRAMÚR

UMBOÐSMENN
UM ALLT LAND

SNORRABRAUT 60, SÍMI 12045 - 624145

ORKIN/SIA 2025-49